

# 331. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 18. NÓVEMBER 2021 KL. 8:45

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Yfirferð á stöðu fjármála
  - b) Fjárhagsáætlun 2022
  - c) Tillögur úthlutunarnefndar
  - d) Árnes 1
  - e) Uppgjör hlunninda í Saurbæ
  - f) Erindi vegna starfsloka
  - g) Erindi umhverfisnefndar
  - h) Hraungerði
- 3) Kirkjuþing
  - a) Kirkjuþing 2021-2022
  - b) Yfirferð forseta kirkjuþings
- 4) Stefnumótun hjá þjóðkirkjunni
- 5) Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum setti fund kl. 8:45 með ritningarlestri og bæn vegna fjarveru Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands, sbr. 18. gr. starfsreglna um kirkjuráð, nr. 817/2000.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsfulltrúarnir séra Arna Grétarsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík og Stefán Magnússon.

Jafnframt sat fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sem ritaði fundargerð. Að auki sátu fundinn Ásdís Clausen, fjármálastjóri og Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu.

Undir lið 2a-2h, 3a, 3b og 4 sat einnig fundinn Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings. Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað undir liðum 2a, 2b, 3a, 3b og 4. Þá sat Gísli Jónasson formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings og formaður úthlutunarnefndar fundinn undir liðum 2a-2h. Bjarni Snæbjörn Jónsson sat fundinn undir lið 4.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

*a) Yfirferð á stöðu fjármála*

Fjármálastjóri kynnti níu mánaða uppgjör ársins.

*b) Fjárhagsáætlun 2022*

Fjármálastjóri og formaður fjárhagsnefndar greindu frá vinnu fjárhagsnefndar við fjárhagsáætlun 2022, hún verður lögð fyrir kirkjuþing 22. nóvember nk.

*c) Tillögur úthlutunarnefndar*

Séra Gísli Jónasson, formaður úthlutunarnefndar og formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, fór yfir vinnu nefndarinnar og drög að tillögum nefndarinnar. Samantekt allra úthlutana mun birtast á vef kirkjunnar eftir áramót þegar endanlegar ákvarðanir liggja fyrir.

*d) Árnes 1*

Á síðasta fundi kirkjuráðs var lagt fram bréf dags. 23. september sl. þar sem leigutakar á prestsetursjörðinni Árnes 1, Árneshreppi, óska eftir breytingu á leigusamningi. Kirkjuráð samþykkti þá að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar þar sem kirkjuþing hefði þá komið saman og fjallað um fasteignir þjóðkirkjunnar.

□ Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins á ný þar sem kirkjuþing hefur ekki lokið afgreiðslu 15. máls sem snýr að sölu fasteigna.

*e) Uppgjör hlunninda í Saurbæ*

Ákvörðun frestað til næsta fundar kirkjuráðs.

*f) Erindi vegna starfsloka*

Ákvörðun frestað til næsta fundar kirkjuráðs.

g) *Erindi umhverfisnefndar*

Séra Axel Árnason Njarðvík lagði fram ódagsett drög að samningi vegna endurheimt votlendis á Kolfreyjustað.

□ Kirkjuráð samþykkti drögin og fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum. Jafnframt samþykkti kirkjuráð að gengið yrði frá samskonar samningum vegna jarðnæðis í Skálholti, Mosfelli í Grímsnesi, Odda og Hofi í Vopnafirði.

h) *Hraungerði*

Rætt var um stöðu mála varðandi uppgjör við fyrrum ábúanda Hraungerðis.

□ Kirkjuráð samþykkti að framkvæmdastjóri kirkjuráðs fengi heimild til að koma á sáttum með samkomulagi við fyrrum ábúendur.

---

### 3. KIRKJUÞING

---

a) *Mál sem voru afgreidd voru á kirkjuþingi 2021-2022, 23.-27. október sl.*

**1. mál.** *Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.*

Ályktun kirkjuþings.

*Kirkjuþing þakkar öllu þjóðkirkjufólki fyrir langlundargeð, hugmyndauðgi, æðruleysi og samstöðu á tímum heimsfaraldurs. Á þessum tímum hefur kirkjan, eins og oft áður, sýnt að hún er samfélag fólks sem hefur styrk til þess að takast saman á við erfiðar aðstæður.*

*Kirkjuþing þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum sem komu að stefnumótun þjóðkirkjunnar sem fór fram á vormánuðum 2021. Kirkjuþing ályktar að þau sem fari með fjárvald þjóðkirkjunnar forgangsraði í samræmi við niðurstöður stefnumótunarinnar.*

*Kirkjuþing þakkar þeim sem vinna að málefnum innflytjenda og flóttafólks og ályktar að þjóðkirkjan styðji áfram við og efli hið góða starf sem unnið er á þeim vettvangi.*

*Kirkjuþing fagnar aðgerðum Þjóðkirkjunnar í umhverfismálum á árinu. Kirkjuþing ályktar að kirkjan stígi það skref í orkuskiptum í samgöngum sem samþykkt var að fara í á kirkjuþingi 2019 og komi upp rafmagnstenglum eða hleðslustöðvum við fasteignir kirkjunnar til að hlaða bíla gegn gjaldi. Framkvæmd þessari var frestað vegna heimsfaraldursins.*

*Kirkjuþing unga fólksins er ein af grunnstöðum kirkjunnar og mikilvægt er að efla þátttöku og áhrif ungs fólks í kirkjunni. Kirkjuþing hvetur kirkjuþing unga fólksins til þess að koma málum sínum áfram til þingsins.*

*Kirkjuþing ályktar að yfirstandandi aðhaldsaðgerðir komi ekki niður á grunnþjónustu kirkjunnar.*

□ Kirkjuráð tekur undir framangreind sjónarmið kirkjuþings.

**2. mál.** *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**3. mál.** *Skýrsla um fasteignir þjóðkirkjunnar.*

Ályktun kirkjuþings.

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að fasteignasviði verði falið að afla frekari upplýsinga um þær eignir, sem þar eru tilgreindar, s.s. ástand, viðhaldsþörf, rekstrarkostnað, tekjur af eigninni og áætlað söluverð þeirra eigna sem það á við. Þetta verði unnið í samráði við fjárhagsnefnd kirkjuþings.

**4. mál.** *Þingsályktun um heildarstefnu þjóðkirkjunnar.*

Stefnan er í raun efnisleg afurð stefnumótunarfundar þjóðkirkjunnar sem haldinn var 6. febrúar sl. Tilgangur með formlegri samþykkt kirkjuþings á heildarstefnu er að fyrir liggi skýr sýn þingsins á þær megináherslur sem eiga að móta starfsemi þjóðkirkjunnar til framtíðar. Með því þjónar heildarstefna sem einskona leiðarstef allra þeirra sem koma að því að móta starfið og þróa áfram. Auk þess skapar það grundvöll þess að einstök verkefni og áherslur hvort sem er miðlægt eða í sóknunum geti tengst einni stefnu og sýn sem sameinar viðleitni þessara aðila til þess að treysta stöðu kirkjunnar í síbreytilegu umhverfi. Þannig þjónar heildarstefna tilgangi einskona sáttmála um áherslur og forgang.

Heildarstefnan verður birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**5. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um æskulýðsmál.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**6. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um vinnu vegna stefnumótunar í samskipta-, úmyndar- og kynningarmálum þjóðkirkjunnar.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**7. mál.** *Þingsályktun um viðbragðaáætlun kirkjunnar.*

Þingsályktunin felur í sér að bætt er við kafla um almannavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. vegna heimsfaraldurs. Á tímum heimsfaraldursins vegna Covid-19, hefur almannavarnarástand ríkt á tímabilum. Hópslysanevnd tók því viðbragðaáætlunina til umfjöllunar og lagði til umræddar breytingarnar í ljósi þeirrar reynslu sem nefndin öðlaðist á tímum heimsfaraldurs.

Viðbragðaáætlunin verður uppfærð og birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**8. mál.** *Tillaga að starfsreglum um kjör til kirkjuþings.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**9. mál.** *Tillaga að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**10. mál.** *Tillaga að starfsreglum um kirkjuþing.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**11. mál.** *Tillaga að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**12. mál.** *Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu.*

Starfsreglurnar voru samþykktar með formlegum hætti svo komið væri í veg fyrir að reglurnar féllu brott um áramótin nk., sbr. ákvæði til bráðabirgða í nýjum lögum um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021. Á aukakirkjuþingi í júnímánuði sl. var samþykkt að kjaranefnd kirkjuþings ákveði einnig laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Í framhaldi af samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu var nauðsynlegt að breyta starfsreglum um kjaranefnd kirkjunnar til samræmis við hana.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**13. mál.** *Starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Breytingarnar á eldri starfsreglum fela í sér að búið er að samræma reglurnar við 7. mál kirkjuþings sem samþykkt var 4. október sl. og felur í sér skipulagsbreytingar hjá þjóðkirkjunni. Jafnframt er skerpt á hlutverki úthlutunarnefndar og gert ráð fyrir að nefndin setji verklag við úthlutanir. Þar má jafnframt finna ný ákvæði um firmaritun og prókúru. Reglurnar hafa að geyma ákvæði til bráðabirgða um heimild kirkjuráðs til að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggerninga. Nýjar starfsreglur taka gildi 1. janúar nk. en framangreint bráðabirgðaákvæði hefur þegar tekið gildi.

Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar og birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**14. mál.** *Þingsályktun um fjölda starfa í vígðri þjónustu.*

Málið var dregið til baka.

**15. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteigna.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**16. mál.** *Starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir.*

Starfsreglurnar fela ekki í sér miklar efnislegar breytingar frá eldri starfsreglum sem að óbreyttu myndu falla úr gildi næstu áramót. Fellt var úr eldri starfsreglum að ráðherra gæti skotið málum til aðalsafnaðarfunda þar sem ekki er lengur ráðherra yfir kirkjumálum. Breytingin felur þó ekki í sér að girt sé fyrir þann möguleika.

Starfsreglurnar verða birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**17. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um greiningu á áhrifum skipulagsbreytinga á sóknir þjóðkirkjunnar.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**18. mál.** *Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**19. mál.** *Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**20. mál.** *Tillaga að starfsreglum um biskupafund.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**21. mál.** *Tillaga að starfsreglum um prófaste.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**22. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**23. mál.** *Þingsályktun um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn þjóðkirkjunnar á Íslandi.*

Þingsályktunin felur í sér að fylgt er ályktun tólfta þings Lútherska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku ungs fólks í stjórn aðildarkirkna sambandsins. Miða skuli við að ungt fólk, 16 – 35 ára, séu a.m.k. 20% innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar hverju sinni. Verði þessu ekki við komið skuli veita fulltrúum Áður hefur kirkjuþing samþykkt að miða sé við aldursbilið 16-30 ára en með tillögum en aldursviðmiðið rýmkað. Kirkjuþing 2021 beinir til biskups Íslands og forsætisnefndar kirkjuþings að fara yfir eigið skipulag og starfsemi svo þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2022, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná þessum markmiðum.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**24. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um miðlæga símaþjónustu þjóðkirkjunnar.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**25. mál.** *Þingsályktun um niðurlagningu kirkjumíðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.*

Kirkjuþing samþykkti niðurlagningu Kirkjumíðstöðvarinnar Vestmannsvatni. Fyrir þinginu lá samþykkt héraðsfundar og kirkjuráðs.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is. Beiðni verður send sýslumanninum á Sauðárkróki.

**26. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um afnám greiðslna vegna prestsþjónustu.*

Málinu var frestað til framhaldspings.

**27. mál.** *Tillaga að starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Málið verður flutt á framhaldsþingi 22. nóvember nk.

**28. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um stuðning þjóðkirkjunnar við safnaðarstarf erlendis.*

Málið verður flutt á framhaldsþingi 22. nóvember nk.

**29. mál.** *Þingsályktun um leiðréttingu sóknargjalda.*

Þingsályktunin felur í sér að allir sem koma að stjórnun innan þjóðkirkjunnar setji leiðréttingu sóknargjalda á dagskrá og hafi sem forgangsmál þar til leiðrétting fæst. Forsætisnefnd fylgir málinu eftir og felur rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar að veita sóknarnefndum og öðrum sem vilja beita sér fyrir leiðréttingu sóknargjalda upplýsingar og ráðgjöf um það með hvaða hætti því verður við komið.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**30. mál.** *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Breiðabólastaður. Melstaður.*

Málið verður flutt á framhaldsþingi 22. nóvember nk.

**31. mál.** *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings.*

Málinu var frestað til framhaldsþings.

**32. mál.** *Þingsályktun um áframhaldandi gildi samþykktara þingsályktana kirkjuþings.*

Kirkjuþing ályktar að þingsályktanir kirkjuþings haldi gildi eftir því sem við á. Með þessu er komið í veg fyrir að samþykktar þingsályktanir falli úr gildi um áramótin.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**33. mál.** *Þingsályktun um stefnur þjóðkirkjunnar.*

Þingsályktunin felur í sér að gildandi stefnur þjóðkirkjunnar haldi gildi sínu til 1. júlí 2022. Með þessu er skapað svigrúm til að endurskoða stefnurnar með tilliti til breytts lagaumhverfis þjóðkirkjunnar.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkja.is.

**34. mál.** *Þingsályktun um stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu.*

Þingsályktunin verður birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**35. mál.** *Tillaga til þingsályktunar um Vímuvarnarstefnu þjóðkirkjunnar.*

Málið verður flutt á framhaldsþingi 22. nóvember nk.

**36. mál.** *Þingsályktun um erindisbréf framkvæmdanefndar kirkjuþings.*

Þingsályktunin felur í sér að samþykkt er erindisbréf framkvæmdanefndar sem hefur eftirlit með fjárhag og rekstri. Nefndin fundi að jafnaði mánaðarlega, skili skýrslu til kirkjuþings um störf sín, ritar firma og prókúru, setur verklagsreglur og ferla og getur óskað eftir upplýsingum frá rekstrarstofu.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í framkvæmdanefnd:

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður

Sr. Skúli Sigurður Ólafsson

Einar Már Sigurðarson

*Varamenn:*

Árný Herbertsdóttir

Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir

Hermann Ragnar Jónsson.

Kjósa þurfti fulltrúa í forsætisnefnd og var Margrét Eggertsdóttir kosin 2. varaforseti þingsins.

**37. mál.** *Þingsályktun um heitið Þjóðkirkjan.*

Þingsályktunin felur í sér að frá og með 1. janúar 2022 verði heiti Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu „Þjóðkirkjan“.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**38. mál.** *Tillaga að starfsreglum um rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar.*

Málið verður flutt á framhaldsþingi 22. nóvember nk.

**39. mál.** *Þingsályktun um áframhaldandi stöðvun nýráðninga.*

Þingsályktunin felur í sér að ráðningarbann er framlengt til 1. janúar nk.

Þingsályktunin hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**4. mál kirkjuþings 2020-2021.** *Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur Þjóðkirkjunnar.*

Málið var dregið til baka.

**13. mál kirkjuþings 2020-2021.** *Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.*

Málið var dregið til baka.

**17. mál kirkjuþings 2020-2021.** *Starfsreglur um ráðningu í prestsstörf.*

Um er að ræða endurskoðun og einföldun á eldri reglum. Hinar nýju starfsreglur fela m.a. í sér að matsnefnd er lögð niður. Biskup óskar eftir ítarlegri þarfagreiningu þegar hann vinnur að auglýsingu prestsstarfs, hann sendir leiðbeiningar um gerð þarfagreiningar og setur nánari vinnureglur um útfærslu á fyrirkomulagi þegar um ræðir fleiri en eina sókn, svo hver geti átt sinn fulltrúa við gerð þarfagreiningar. Prófastar stýra gerð þarfagreiningar.

Valnefnd er skipuð fimm fulltrúum sókna, prófasti og lögfræðingi eða mannauðsstjóra biskupsstofu. Nefndin rökstyður val sitt á grundvelli þarfagreiningar. Biskup ræður þann umsækjanda í starf sem valnefnd hefur náð samstöðu um en náist ekki samstaða getur biskup framleng tumsóknarfrest eða auglýst starf á ný.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.



## 22. mál kirkjuþings 2020-2021. Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað.

Málið var dregið til baka.

### b) Yfirferð forseta kirkjuþings

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 22.-24. nóvember næstkomandi, fyrirkomulag og stöðu þingmála.

---

## 4. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

---

Kirkjuráð ræddi þá stöðu sem upp getur komið í kjölfar niðurlagningar kirkjuráðs. Var því velt upp hvort rétt sé að ráðið starfi áfram út skipunartíma sinn, óvirkt en komi saman ef tiltekin erindi koma upp sem framkvæmdanefnd hafi ekki heimild til að fjalla um, samningar geri ráð fyrir aðkomu kirkjuráðs eða aðstæður að öðru leyti.

Svana Helen Björnsdóttir óskaði eftir að bókað yrði að hún hefði miklar áhyggjur af því að ekki hefði farið fram heildstætt mat á áhrifum þeirra miklu skipulagsbreytinga sem eru að verða í þjóðkirkjunni. Breytingar hafa verið knúnar áfram af kirkjuþingi og hefur verið lögð áhersla á að hraða þeim sem mest.

Lýsti hún yfir áhyggjum af því að ekki hefði farið fram áhættugreining og áhættumat af neinu tagi vegna þessara skipulagsbreytinga. Greining og mat á áhættu er krafa sem gerð er í allri faglegri stjórnun, m.a. í alþjóðlegum stjórnunarstöðlum og við faglega verkefnastjórnun.

Söfnuðum landsins hefur ekki verið kynnt málið sem skyldi eða leitað eftir viðbrögðum þeirra. Skipulagsbreytingarnar fela í sér breytingar á ábyrgð og störfum kirkjuþings, biskups Íslands og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Auk þess snerta breytingar þessar söfnuðina með ýmsum hætti. Óvissa ríkir um margt, m.a. um framtíðarfyrirkomulag á störfum kirkjuþings. Þá hefur ekki verið hugað að þörf biskups Íslands fyrir samráðvettvang eftir að kirkjuráð verður langt niður í lok árs 2021. Þá hefur heldur ekki verið tryggt að þau ábyrgðarsvið sem kirkjuráð geymir verði annarra með tilhlýðilegum hætti á nýju ári.

Aðrir kirkjuráðsmenn að Stefáni Magnússyni undanskildum, tóku undir bókunina og lýstu yfir að þau deildu áhyggjum Svönu Helenar.

Stefán Magnússon óskaði eftir að eftirfarandi yrði fært til bókar: „Ég tek ekki undir bókun Svönu Helenar þar sem gagnrýnd er afgreiðsla kirkjuþings á skipulagstillögum fyrir yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Kirkjuráðsfulltrúar sitja allir á kirkjuþingi og hafa haft fulla aðkomu að ákvörðunum þessum á þeim vettvangi.“

Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson fór yfir stöðuna á stefnumótun þjóðkirkjunnar og fyrirhugaðri aðstoð við stefnumótun hjá sóknum landsins.

Kirkjuráð þakkar góða kynningu.

---

## 5. ÖNNUR MÁL

---

Lagt var til að framkvæmdanefndin mæti á síðasta fund kirkjuráðs sem jafnframt verður síðasti fundur ráðsins. Þá var þess jafnframt óskað að fyrir fundinum lægi fundargerð þóknananefndar.

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 14:15.

Næsti reglulegi fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 2. desember nk.

---

Solveig Lára Guðmundsdóttir  
biskup Íslands

---

Brynja D. G. Briem  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir